



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/719
komudagur 16.12.2009

Viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) á frumvarpi til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 255. mál (umsögn frá 11. desember að viðbættum fleiri athugasemdum).

Reykjavík 16. desember 2009

TIF hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Við og í kjölfar hrun bankakerfisins haustið 2008 hafa fjölmargir annmarkar á gildandi löggjöf um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta komið í ljós, en þá má meðal annars rekja til óskýrleika í löggjöfinni. Vegna þessa, svo og breytinga á regluverki Evrópubandalagsins á sviði innstæðutrygginga, tekur TIF heilshugar undir það sjónarmið að nauðsynlegt hafi verið að ráðast í heildarendurskoðun á gildandi lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Hins vegar hefur TIF margvíslegar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp og telur nauðsynlegt að endurskoða ýmis atriði sem því tengjast.

Þannig telur TIF að frumvarpið taki ekki á mikilvægum atriðum sem eru ekki skýr í núgildandi löggjöf. Þar má nefna að ekki er skýrt tekið af skarið um það hvort skuldbindingar sjóðsins njóti ríkisábyrgðar og mun það vafalaust skapa óvissu ef til greiðsluskyldu úr sjóðnum kemur í framtíðinni. Þá eru skilin á milli A-deildar og B-deildar sjóðsins ekki nægilega skýr og virðist til dæmis gert ráð fyrir því að fyrstu inngreiðslur í A-deild eigi sér stað á öðrum ársfjórðungi 2010, en ekki er ljóst hver staðan yrði ef til greiðsluskyldu kæmi á fyrsta ársfjórðungi 2010. Jafnframt er mjög óskýrt hvort gert sé ráð fyrir því að innstæðueigendur geri beina kröfu um greiðslu til sjóðsins, en 15. gr. frumvarpsins er misvísandi að þessu leyti. Þá er ljóst að frestur sjóðsins til að inna af hendi greiðslu til innstæðueigenda hefur verið stytur verulega og byggist það á tilskipun 2009/14/EB sem breytti tilskipun 94/19 um innstæðutryggingakerfi. TIF hefur verulegar áhyggjur af því að ekki verði unnt að inna af hendi greiðslur innan tilskilins frests, einkum þar sem reynslan sýnir að tímafrekt er að afla viðeigandi gagna. Telur TIF því mikilvægt að finna leiðir til að tryggja að sjóðurinn fái nauðsynlegt gögn og upplýsingar eins fljótt og kostur er, en að mati sjóðsins er ekki gengið nægilega langt í þá átt í fyrirliggjandi frumvarpi. Hér á eftir er vikið að athugasemdum sjóðsins við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr. frumvarpsins

Hugtakið „innstæða“ er skilgreind í 2. tl. 2. gr. frumvarpsins. Af orðalagi ákvæðisins verður ráðið að með innstæðu sé annars vegar átt við inneign á reikningi með áföllnum vöxtum og hins vegar millifærslu. Hins vegar er ekki fyllilegt skýrt hvort síðari hluti 1.máls. sem segir „í hefðbundinni almennri bankastarfsemi sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum“ vísi bæði til inneignar og millifærslu, en hugsanlegt er að skilja ákvæðið svo að þetta eigi eingöngu við um millifærslu. Það er fullt tilefni til að orða ákvæðið skýrar að þessu leyti.

Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að hugtakið innstæða sé ekki skýrt í gildandi lögum um innstæðutryggingar. Það er hins vegar ekki rétt þar sem skýringu er að finna í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999.

Þá er spurning hvort það dugi að taka fram í athugasemdum við ákvæðið að „peningamarkaðsinnlán“ falli ekki undir innstæður í skilningi laganna eða hvort ekki sé þörf á því að taka það fram í lagaákvæðinu sé á annað borð talið að peningamarkaðsinnlán falli undir skilgreiningu á innstæðu í 2. tl. 2. gr.

Gera verður athugasemd við „leiðbeiningarreglu“ sem er sett fram til skýringar á 2. tl. 2. gr. vegna frjáls og einstaklingsbundins lífeyrissparnaðar. Nánar tiltekið kemur fram að „gefin sé sú leiðbeiningarregla“ að þegar séreignarsparnaður sé á sérstökum innlánsreikningi hjá iðgjaldsskyldum aðila sé síkur sparnaður varinn af tryggingarsjóði.

Það er til þess fallið að skapa réttaróvissu að setja leiðbeiningarreglu af þessu tagi í athugasemdir við ákvæðið. Það verður ekki séð að neitt mæli gegn því að taka með skýrum hætti af skarið með það að séreignarsparnaður sé ekki tryggður nema hann sé á sérstökum innlánsreikningi hjá iðgjaldsskyldum aðila. Með því væri fyllilega ljóst hver staða slíks sparnaðar er gagnvart sjóðnum. Þessi svokallaða leiðbeiningarregla er hins vegar ekki afgerandi og getur ýtt undir túlkunarvandkvæði í framtíðinni.

Þá skal tekið fram að hugtakið „lykilstjórnandi“ í 8. tl. er skilgreint með mjög óljósum hætti, en mjög matskennt er hvenær aðili hefur „veruleg áhrif á ákvarðanir um rekstur eða fjárfestingar [...]“. Þar sem innstæður slíkra aðila njóta ekki verndar, sbr. 6. tl. 14. gr. frumvarpsins, er ástæða til að leitast við að hafa markvissari skýringu á hugtakinu ef unnt er, en t.d. mætti hugsa sér að innlánsstofnanir héldu lista yfir lykilstjórnendur.

3. gr. frumvarpsins

Fram kemur í athugasemdum við 3. gr. að sjóðurinn sé á margan hátt sérstakur og „er tekið fram að hann er undanþeginn ýmsum almennum reglum sem þykir réttlæt看legt í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem hann hefur að gegna. Þannig er sjóðurinn t.d. undanþeginn ákvæðum upplýsingaíaga og stjórnsýsiulaga og líkt og kveðið er á um í gildandi lögum kemur fram í 2. mgr. greinarinnar að sjóðurinn sé undanþeginn skttskyldu.“

Það kemur ekki fram í 3. gr. frumvarpsins að sjóðurinn sé undanþeginn ákvæðum upplýsingalaga og stjórnáskilgáslaga, en almennt myndu athugasemdir í greinargerð ekki duga til slíks ef sjóðurinn félli á annað borð undir gildissvið laganna. Að mati TIF fellur sjóðurinn ekki undir löggin þegar litið er til eðlis hans. Er því misvísandi að taka fram í athugasemdum að sjóðurinn sé „undanþeginn“ þessum reglum „í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem hann hefur að gegna“.

Sé á annað borð talið að upplýsingalög og stjórnáskilgáslög geti átt við um sjóðinn og að svo sé ef ekki sé mælt fyrir um undanþágu væri eðlilegt að taka skýrt fram í sjálfu ákvæðinu að löggin taki ekki til sjóðsins.

5. gr. frumvarpsins

Í ákvæðinu kemur m.a. fram að „fulltrúar opinberra aðila“ eigi rétt til fundarsetu á ársfundum sjóðsins. Hugtakið er ekki skýrt nánar í athugasemdum við ákvæðið.

Eðlilegt væri að tiltaka þá opinberu aðila sem átt er við svo ljóst sé hverjir það eru nákvæmlega sem eiga rétt til fundarsetu.

6. gr. frumvarpsins

Í þessu ákvæði væri eðlilegt að taka af skarið um það hvort ríkið beri ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Telja verður fullt tilefni til þess að kveða með skýrum hætti á um jafn mikilvægt atriði í lagatextanum, einkum í ljósi þess að sérstaklega er verið að tiltaka hverjir beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins í þessu ákvæði.

Vikið er að þessu með ákveðnum hætti í almennum athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins í tengslum við hugsanlega lántöku sjóðsins, en að mati TIF væri heppilegra að taka skýrt fram hvernig ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins er háttað í þessari grein.

8. gr. frumvarpsins

Í ákvæðinu er vikið að möguleikum sjóðsins á lántöku og í athugasemdum við ákvæðið er tekið fram að slík lánveiting skuli „vera skilyrðum háð“. Hins vegar verður ekki séð að nein skilyrði fyrir slíkri lántöku séu til staðar nema að brýna nauðsyn skuli bera til og virðist það vera að öllu leyti á forræði sjóðsins að meta slíkt. Er orðalagið í athugasemdum að þessu leyti ruglingslegt.

Þá er álitæfni hvort ekki sé eðlilegt að taka skýrt fram í ákvæðinu að ríkisábyrgð fylgi ekki lántöku (nema hún sé byggð á sérstökum lögum), svo sem útskýrt er í

athugasemdum við ákvæðið. Þar sem um mjög þýðingarmikið atriði er að ræða telur sjóðurinn að eðlilegt sé að taka á þessu í sjálfum lagatextanum.

9. gr. frumvarpsins

Í 1. máls. ákvæðisins segir að stjórn sjóðsins skuli tryggja að reglulega sé farið yfir innri verkferla sjóðsins og að tölvubúnaður sé fullnægjandi „þannig að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum“.

Það er ljóst að fullnægjandi innri verkferlar og tölvubúnaður geta ekki dugað til að sjóðurinn standi við skuldbindingar sínar. Af athugasemdum við ákvæðið verður ráðið að átt sé við skuldbindingar sjóðsins til að senda tilkynningar og framkvæma útgreiðslur innan lögbundinna fresta. Væri eðlilegt að orða ákvæðið með þeim hætti.

10. gr. frumvarpsins

Af athugasemdum við ákvæðið verður ráðið að ætlunin sé að innlánsstofnanir greiði almennt tvenns konar iðgjöld, þ.e. fast iðgjald samkvæmt 2. mgr. og „viðbótariðgjald“ samkvæmt 3. mgr.

Þá virðist vera gert ráð fyrir öðru svokölluðu „viðbótariðgjaldi“ í 5. mgr. sem heimilt er að innheimta við nánar tilgreindar aðstæður.

Við lestur ákvæðisins er óljóst hvort „viðbótariðgjald“ samkvæmt 3. mgr. og „viðbótariðgjald“ samkvæmt 5. mgr. séu eitt og sama iðgjaldið. Sé um mismunandi iðgjöld að ræða væri heppilegra til að forðast misskilning að kalla iðgjald samkvæmt 3. mgr. ekki „viðbótariðgjald“, enda virðist vera gert ráð fyrir því að það sé greitt samhliða iðgjaldi skv. 2. mgr. Mætti t.d. kalla iðgjald samkvæmt 3. mgr. breytilegt iðgjald.

Að öðrum kosti er hugsanlegt að 3. og 5. mgr. verði lesnar saman þannig að eingöngu sé heimilt að innheimta viðbótariðgjald samkvæmt 3. mgr. við þær aðstæður sem greinir í 5. mgr. Raunar er óljóst af ákvæðinu hvort það sé meiningin og telur TIF nauðsynlegt að bæta úr þessum óskýrleika.

Samkvæmt 4. mgr. eru gjalddagar iðgjalda fjórir á ári, þ.e. 31. janúar, 30. apríl, 31. júlí og 31. október. Aðildarfélag innstæðudeildar skila svokallaðri eiginfjárskýrslu til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega og er skilaeindagi síðasti dagur hvers mánaðar eftir viðkomandi ársfjórðung. Með hliðsjón af þessu og til að nógur tími gefist er lagt til að gjalddagar iðgjalda verði frekar ákveðnir 30. febrúar, 31. maí, 31. ágúst og 30. nóvember.

Þá vekur athygli að ákvæði 5. mgr. þar sem sjóðnum er veitt heimild til að leggja á viðbótariðgjöld er rýrt að efni til og ekki útskýrt í athugasemdum við 10. gr., en fullt tilefni væri til þess. Til dæmis er óljóst hvernig sjóðnum ber að ákveða fjárhæð viðbótariðgjalda

samkvæmt 5. mgr., en slík ákvörðun virðist ekki vera annarri takmörkun háð en að iðgjaldið skuli ekki vera hærra en nemur 0,6% af tryggðum innstæðum. Þá er óljóst hversu lengi má leggja má viðbótariðgjöld á. Þetta skapar allt saman óvissu og væri eðlilegt að skilgreina heimildina frekar í lagatextanum og athugasemdum.

Í 9. mgr. 10. gr. kemur fram að stjórn sjóðsins sé heimilt að lækka iðgjöld samkvæmt 2. mgr. nemi eignir A-deildar ákvæðnu lágmarki. Tekið er fram að stjórnin skuli leita álits Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins áður en til slíkrar lækkunar kemur.

Það er verulegum vafa undirorpið hvort unnt sé að breyta skýru ákvæði 2. mgr. sem tiltekur það iðgjald sem sjóðnum ber að innheimta með ákvörðun stjórnar sjóðsins (sem reyndar yrði tekin á grundvelli laga). Nauðsynlegt er að kanna gaumgæfilega hvort þessi háttur, þ.e. að ákvörðun stjórnar breyti lagaákvæði, fái staðist áður en ákvæðið er samþykkt.

Jafnframt er óljóst hvort álitsgjöf Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins er bindandi, þ.e. ekki er tekið fram í ákvæðinu hvort sjóðnum beri að fylgja álitinu heldur einungis að leita beri þess. Það er eðlilegt til að forðast óvissu að taka af skarið um það í sjálfu lagaákvæðinu. Reyndar kemur fram í athugasemdum við ákvæðið að heimild til lækkunar sé háð því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið séu ekki andvíg lækkuninni, en sá skilningur á sér ekki stoð í efni frumvarpsgreinarinnar.

Hvað varðar 10. mgr. þá er ekki skilgreint hvemig Fjármálaeftirlitinu ber að setja reglur um mat á eignum, en TIF telur mikilvægt að það sé skýrt.

11. gr. frumvarpsins

Af ákvæðinu verður ráðið að skylda til að greiða álag er einungis til staðar í 5 daga, en að svo búnu eru viðbrögð í höndum Fjármálaeftirlitsins. Það er spurning hvort ekki væri eðlilegra að skylda til greiðslu álags haldi áfram þar til greiðsla á iðgjaldi hefur átt sér stað.

12. gr. frumvarpsins

Í 4. mgr. er fjallað um yfirtöku sjóðsins á kröfu innstæðueiganda við greiðslu úr sjóðnum. Taka þarf fram í ákvæðinu að greiði sjóðurinn kröfu innstæðueiganda eingöngu að hluta þá yfirtaki hann eingöngu þann hluta, en það hefur komið upp misræmi í túlkun vegna þessa. Jafnframt er eðlilegt að taka fram, a.m.k. í athugasemdum, að ekki sé þörf á sérstöku framsali kröfunnar til sjóðsins.

Að mati TIF þá skortir á að tekið sé á því hvort sjóðnum sé skylt að greiða vexti eða dráttarvexti vegna innstæðna, að öðru leyti en því að ljóst er að hluti innstæðu eru áfallnir vextir, sbr. 2. tl. 2. gr. frumvarpsins. Taka þyrfti fram við hvaða tímamark áfallnir vextir miðast, en væntanlega ber að miða við þann dag þegar álit Fjármálaeftirlitsins

liggur fyrir eða úrskurður um slitameðferð hefur verið kveðinn upp, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Þá þyrfti jafnframt að taka á því hvort sjóðnum sé skylt að greiða áfallna vexti ef höfuðstóll innstæðu er greiddur af innlánsstofnun. Með hliðsjón af þessu telur TIF nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um skyldu sjóðsins til að greiða vexti vegna innstæðna í frumvarpinu, svo og við hvaða gengi skal miðað.

Í 4. mgr. ákvæðisins kemur fram að sé bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar í slitameðferð njóti krafa sjóðsins rétt hæðar skv. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldprotaskipti, en „ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar“. Það er óljóst hvað átt er nákvæmlega við með tilvitnuðu orðalagi og er ekki vikið að því í athugasemdum við ákvæðið. Nauðsynlegt er að skýra þetta betur.

Í 7. mgr. 12. gr. segir: „Sjóðsstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðsstjórnar má bera undir dómsstóla.“ Í athugasemdum segir: „....stjórn Tryggingarsjóðs skuli úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu og gæti þarna komið til greina hvers kyns ágreiningur um hvort innstæða sé undanþegin tryggingu, sbr. 14. gr. eða ágreiningur um upphæð kröfu samkvæmt þessari grein.“ Upp gæti komið ágreiningur um skuldajöfnun. Er því rétt að taka það sérstaklega fram að sjóðsstjórn skuli jafnframt úrskurða um ágreining um skuldajöfnuð.

Það er álitaefni hvort það fái staðist að mæla fyrir um að kröfur sjóðsins séu forgangskröfur, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldprotaskipti. Umræddu ákvæði var bætt við lög nr. 98/1999 með hinum svokölluðu neyðarlögum vegna þess neyðarástands sem hafði skapast á íslenskum fjármálamarkaði. Það þyrfti hins vegar að kanna til hlítar hvort þessi skipan fái staðist þegar slíkt neyðarástand er ekki til staðar, enda er ljóst að með þessu er verið að riðla fyrirkomulagi gjaldprotalaga og að þetta hefur áhrif á réttarstöðu kröfuhafa þannig að halda má því fram að um brot á jafnræði sé að ræða.

Þá telur TIF að það beri að fjalla um það í ákvæðinu hvort krafa sjóðsins gagnvart innlánsstofnun í slitameðferð njóti „super-priority“, en eins og kunnugt er hefur verið ágreiningur um slíkt. Til að eyða réttaróvissu að þessu leyti væri eðlilegt að skera úr um það í ákvæðinu og telur sjóðurinn að taka eigi fram með beinum hætti að krafa sjóðsins njóti forgangs umfram aðrar kröfur vegna innstæðna.

14. gr. frumvarpsins

Hvaðar varðar 6. tl. ákvæðisins er vísað til fyrri athugasemda við 2. gr. frumvarpsins um það hve óljóst hugtakið „lykilstjórnandi“ er.

15. gr. frumvarpsins

Í ákvæðinu er fjallað um fresti sjóðsins til að inna af hendi greiðslur.

Eðlilegt er að taka skýrt fram í ákvæðinu hvort innstæðueigandi þurfi að lýsa kröfu fyrir sjóðnum, en af einhverjum ástæðum er það ekki gert.

Eins og ákvæðið stendur nú er mjög óljóst hvort beina þurfi kröfu formlega að sjóðnum, en t.d. segir í 3. mgr. 15. gr. að sjóðurinn geti ekki neitað að inna af hendi greiðslu sem innstæðueigandi gat ekki tímanlega haft uppi gegn sjóðnum. Hins vegar segir í athugasemdum að í raun þurfi ekki að lýsa kröfu með formlegum hætti.

Á heildina litið er ákvæðið afar óskýrt og auka athugasemdir í greinargerð við þann óskýrleika.

Með hliðsjón af þessu þyrfti að endurskoða ákvæðið og bæta við skýrum fyrirmælum, þar á meðal um það hvort lýsa þurfi kröfum og tímafresti ef þörf er á að lýsa kröfum.

Samkvæmt 4. mgr. kemur fram að liggi fyrir ákæra á hendur innstæðueiganda vegna gruns um peningabætti sé heimilt að draga greiðslu skv. 1. mgr. uns dómur liggi fyrir. Það er alls óljóst hvernig tryggt er að sjóðurinn fái upplýsingar um slíkar ákætur, en nauðsynlegt er að taka á því í ákvæðinu.

16. gr. frumvarpsins

Skilin á milli A-deildar og B-deildar sjóðsins eru fremur óljós samkvæmt þessu ákvæði, einkum þegar litið er til athugasemda við það. Af ákvæðinu verður ráðið að eignir og skuldbindingar innstæðudeildar sjóðsins við gildistöku laganna tilheyri að öllu leyti B-deild sjóðsins. Hins vegar segir í athugasemdum að A-deild taki við réttindum og skyldum núverandi innstæðudeildar að öðru leyti en varðar uppgjör greiðslna og skuldbindinga sem fallið hafa á sjóðinn. Það er ekki samræmi á milli orðalags ákvæðisins sem virðist ekki gera ráð fyrir því að réttindi og skyldur innstæðudeildar sjóðsins við gildistöku laganna færast til A-deildar og athugasemda við ákvæðið.

Að mati TIF er eðlilegt að A-deild taki ekki við réttindum og skyldum innstæðudeildar sem til staðar eru við gildistöku frumvarpsins, heldur verði þær eftir í B-deild sjóðsins.

Þá skal tekið fram að TIF telur að álagning vegna ársins 2009 sem mun eiga sér stað í mars 2010 og gjöld sem eru greidd vegna þessa beri að falla til B-deildar sjóðsins til greiðslu á núverandi skuldbindingum innstæðudeildar. Þyrfti að taka á þessu í frumvarpinu, t.d. með bráðabirgðaákvæði.

Þörf er á því að skýra muninn og skilin á milli deildanna með mun skýrari hætti.

18. gr. frumvarpsins

Heimild sjóðsins til að leggja á viðbótariðgjöld samkvmt 3. mgr. er ekki útskýrð í frumvarpsgreininni eða athugasemdum. Til dæmis er óljóst hvernig sjóðnum ber að

ákveða fjárhæð viðbótariðgjalda samkvæmt 3. mgr., en slík ákvörðun virðist ekki vera annarri takmörkun háð en að iðgjaldið skuli ekki vera hærra en nemur tvöföldu iðgjaldi samkvæmt 2. mgr. Þá er óljóst hversu lengi má leggja viðbótariðgjöld á. Þetta skapar óvissu og væri eðlilegt að skilgreina heimildina frekar í lagatextanum og athugasemdum.

Í 6. mgr. kemur fram að stjórn sjóðsins sé heimilt að lækka iðgjöld samkvæmt 2. mgr. eða fella þau niður hafi eignir deildarinnar náð tilskildu marki. Tekið er fram að stjórnin skuli leita álits Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins áður en til slíkrar lækkunar kemur.

Það er verulegum vafa undirorpið hvort unnt sé að breyta skýru ákvæði 2. mgr. sem tiltekur það iðgjald sem sjóðnum ber að innheimta með ákvörðun stjórnar sjóðsins (sem reyndar yrði tekin á grundvelli laga). Nauðsynlegt er að kanna gaumgæfilega hvort þessi háttur, þ.e. að ákvörðun stjórnar breyti lagaákvæði, fái staðist áður en ákvæðið er samþykkt.

Í 2. mgr. 12. gr. segir: „Fast ársiðgjald fyrirtækis í verðbréfabjónustu er 800.000 kr. ásamt breytilegu iðgjaldi samkvæmt öðrum eftirfarandi tölulíða:“ Eru svo talin upp viðmiðin fyrir breytilega iðgjaldinu og getur heildargjaldið hæst orðið 1.200.000 kr., þ.e. 800.000 +400.000. Í athugasemdum með greininni segir hins vegar: „...Samkvæmt tillögum frumvarpsins verður lágmarksiðgjald fyrirtækis í verðbréfabjónustu í verðbréfabjónustu 800.000 kr. sem skiptist í 500.000 kr. fast ársiðgjald og 300.000 breytilegt iðgjald sem...“ Ósamræmi gætir milli texta greinarinnar sjálfar og athugasemda við greinina að þessu leyti.

Jafnframt er óljóst hvort álitsgjöf Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins er bindandi, þ.e. ekki er tekið fram í ákvæðinu hvort sjóðnum beri að fylgja álitinu heldur einungis að leita beri þess. Það er eðlilegt til að forðast óvissu að taka af skarið um það í sjálfu lagaákvæðinu. Ekki er vikið að þessu í athugasemdum við ákvæðið.

20. gr. frumvarpsins

Í 4. mgr. er fjallað um yfirtöku sjóðsins á kröfu fjárfesta við greiðslu úr sjóðnum. Taka þarf fram í ákvæðinu að greiði sjóðurinn kröfu eingöngu að hluta þá yfirtaki hann eingöngu þann hluta, en það hefur komið upp misræmi í túlkun vegna þessa. Jafnframt er eðlilegt að taka fram, a.m.k. í athugasemdum, að ekki sé þörf á sérstöku framsali kröfunnar til sjóðsins.

Í 4. mgr. ákvæðisins kemur fram að sé bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar í slitameðferð njóti krafa sjóðsins rétt hæðar skv. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldprotaskipti, en „ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar“. Það er óljóst hvað átt er nákvæmlega við með þessu orðalagi og er ekki vikið að því í athugasemdum við ákvæðið. Nauðsynlegt er að skýra þetta betur.

21. gr. frumvarpsins

Það er verulega óljóst hvert inntak 3. mgr. ákvæðisins er, en það er heldur ekki útskýrt nánar í athugasemdum. Að mati TIF verður að kanna þýðingu þessa ákvæðis betur.

22. gr. frumvarpsins

Hvaðar varðar 6. tl. ákvæðisins er vísað til fyrri athugasemda við 2. gr. frumvarpsins um það hve óljóst hugtakið „lykilstjórnandi“ er.

23. gr. frumvarpsins

Að mati TIF skortir verulega á skýrleika þessa ákvæðis sem varðar festi til að senda sjóðnum kröfur og til útgreiðslna úr sjóðnum.

Fyrst má nefna að eingöngu kemur fram í 1. mgr. að frestur til að senda sjóðnum kröfur megi ekki vera styttri en fimm mánuðir. Er því ekki tilgreint sérstakt hámark á frestinum, svo sem eðlilegt væri að gera í ákvæðinu.

Þá kemur ekki fram hvaða atriði þarf að greina í kröfu, en eðlilegt væri að telja það upp eða að minnsta kosti taka fram að það skuli tilgreint í reglugerð.

Það er mjög óljóst hvaða þýðingu 2. mgr. hefur, en þar segir að viðskiptavinir skuli lýsa kröfu í bú verðbréfafyrirtækis sem tekið er til slitameðferðar *áður* en þeir gera kröfu á sjóðinn. Þetta ákvæði er ekki útskýrt í athugasemdum við 23. gr. og telur TIF nauðsynlegt að útskýra þetta nánar og færa fram röksemdir fyrir þessu fyrirkomulagi.

Samkvæmt 3. mgr. skal sjóðurinn „innan þess tímafrests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr.“ afla gagna sem eru nauðsynlegt til að staðfesta réttmæti krafna. TIF fær ekki séð að þetta gangi upp, en það er t.d. vel hugsanlegt að krafa berist á síðasta degi frestsins og getur þá verið ómögulegt fyrir sjóðinn að afla gagna til að staðfesta réttmæti kröfunnar „innan frestsins“.

Samkvæmt 6. mgr. kemur fram að liggi fyrir ákæra á hendur innstæðueiganda vegna gruns um peningabætti sé heimilt að draga greiðslu skv. 1. mgr. uns dómur liggi fyrir. Það er alls óljóst hvernig tryggt er að sjóðurinn fái upplýsingar um slíkar ákæru, en nauðsynlegt er að taka á því í ákvæðinu.

27. gr. frumvarpsins

Að mati TIF væri mun eðlilegra að þetta ákvæði sem varðar fjárfestingarstefnu sjóðsins sé í II. kafla frumvarpsins sem ber heitið „Tryggingarsjóður innstæðueiganda og fjárfesta“ og fjallar t.d. um ársfund og starfsemi sjóðsins.

30. gr. frumvarpsins

Í gildistökuákvæði frumvarpsins er fjallað um að eignir og skuldir verðbréfadeildar sjóðsins samkvæmt lögum nr. 98/1999 tilheyri verðbréfadeild við gildistöku laganna. Að mati TIF væri eðlilegt að fjalla jafnframt um afdrif eigna og skulda innstæðudeildar sjóðsins samkvæmt lögum nr. 98/1999 við gildistöku laganna í þessu ákvæði.

Í þessu sambandi vísast til 18. gr. frumvarpsins og athugasemda TIF við það.

Virðingarfyllt,



Sigrún Helgadóttir,

framkvæmdastjóri